

Verður samkvæmt þessu að vísa málinu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 8.000,00.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Jón Ingimundur Guðmundsson, greiði stefndu, Áslaugu Borg, kr. 8.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. maí 1987.

Nr. 144/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Herði Ólafssyni

Kærumál. Bráðabirgðasvipting ökuleyfis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Hinn kærði úrskurður var birtur varnaraðila 22. f.m. og undirritaði varnaraðili yfirlýsingu um birtinguna „með kröfu um áfrýjun þegar í stað“ og þykir mega skilja yfirlýsingu þessa svo að hann kæri úrskurðinn. Kæra er heimil samkvæmt lokaákvæði 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Í greinargerð til Hæstaréttar krefst varnaraðili þess að úrskurðurinn verði ómerktur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Mál þetta er ófyrirsynju kært til Hæstaréttar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. apríl 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 21. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, Njálsgötu 87, Reykjavík, fæddur 12. september 1921 hefur krafist þess að bráðabirgðasvipting ökuleyfis, sem lögreglustjórinn í Reykjavík ákvað hinn 8. apríl 1986 og birt var hinn 18. nóvember s.á., verði felld úr gildi. Vísar hann í þessu sambandi til 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968.

Með ákæruskjali dagsettu 4. mars sl. var mælt fyrir um höfðun opinbers máls á hendur framangreindum Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, Njálsgötu 87, hér í borg, fæddum 12. september 1921 á Ísafirði.

Í ákærunni er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreið sinni, R-94, sex sinnum undir áfengisáhrifum, þar af fimm sinnum á árinu 1986. Við þingfestingu málsins hinn 9. þ.m. krafðist ákærði þess, að fyrrnefnd bráðabirgðaðökuleyfisvipting yrði felld úr gildi, en auk þess hafði hann með bréfi dagsettu 31. mars sl., sem móttekið var í sakadóminum hinn 2. þ.m., krafist hins sama.

— — —

Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga skal stjórnandi vélknúins ökutækis, sem gerst hefur brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. laganna, sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það. Í 6. mgr. 81. gr. sömu laga segir að lögreglustjóri skuli svipta mann ökuleyfi til bráðabirgða telji hann ökumann hafa unnið til sviptingar. Í máli þessu er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni R-94 sex sinnum undir áfengisáhrifum. Þar af hefur hann viðurkennt hjá lögreglu akstur í fjögur skipti. Þegar lögreglustjórinn tók ákvörðun sína hinn 8. apríl 1986 var hún byggð á atviki því, sem greinir í 1. ákærulið, en þegar ákvörðunin var birt ákærða og öðlaðist jafnframt gildi voru tilvikin orðin fimm.

Þegar framanritað er virt lítur dómurinn svo á að ekkert það sé fram komið í málinu sem gefi tilefni til að ætla að ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík hafi verið röng. Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfu ákærða um að bráðabirgðasvipting ökuleyfis honum til handa verði felld úr gildi.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu Harðar Ólafssonar um niðurfellingu ökuleyfisviptingar til bráðabirgða, sem tók gildi 18. nóvember sl., er hafnað.